

6. fundur

Safnanefnd hélt fund fimmtudaginn 4. febrúar 1999 á Ráðhúsloftinu, Hafnargötu 3 kl. 17:30.

Mættir voru: Guðrún Anna Gunnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Ægir Jóhannsson, Guðmundur Páll Ólafsson og Guðmundur Andrésen sem ritar fundargerð. Auk þeirra Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtbókasafns.

Formaður Guðrún A. Gunnarsdóttir setti fund og stýrði.

Guðmundur las fundargerð síðasta fundar.

Rætt um ritun fundargerðar og að andi fundarins ætti að sjást af henni.

Dagskrá:

1. Tölvukerfi.
2. Önnur mál.

1. Tölvumál.
Sigurlína lagði fram gögn um “Bóka- og gagnasafnkerfið Fengur”
Rætt ýtarlega um málið. Ákveðið að afla betri upplýsinga um kerfið og kostnað við það.
2. Önnur mál.
Lögð voru fram drög að bókun og þau rædd.
Samþykkt að senda bæjarstjórn eftirfarandi:

“Á fundi Safnanefndar og bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar þann 20. janúar 1999, voru nefndin og bæjarstjórn sammála um að æskilegt sé að Safnanefnd móti tillögur að erindisbréfi sínu. Álit þetta kemur ekki fram í fundargerð og því óskar safnanefnd eftir að bæjarstjórn feli henni formlega að semja drög að erindisbréfi nefndarinnar.

Erindisbréf – fyrstu hugmyndir.

Safnanefnd telur rétt að eftirfarandi upplýsingar og hugmyndir varðandi erindisbréf nefndarinnar komi strax til bæjarstjórnar til skoðunar.

Safnanefnd mun, þegar hún hefur fengið til þess formlegt umboð, áfram vinna að drögum að erindisbréfi, safna upplýsingum þar að lútandi og senda bæjarstjórn til umfjöllunar.

- Í safnanefnd á vegum sveitarfélagsins skal vera 3 til 5 manna stjórn, kjörin af sveitarstjórn. Kjörtímabil safnanefndar er hið sama og sveitarstjórnar. Sveitarstjórn setur safnanefnd erindisbréf (samanber 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997 og 16. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 213/1997 og breytingar 11. gr. nr. 271/1998.)

Nánari útfærsla á hlutverki safnanefndar gæti verið meðal annars:

- Að móta stefnu í safnamálum í Stykkishólmi.
- Að þróa og samræma söfn og safnamál bæjarins.
- Að vera ráðgjafi bæjarstjórnar og umsagnaraðili um safnamál.
- Að gera tillögur að nýjum söfnum og meta kosti og galla þeirra.
- Að gera tillögu um framtíðarhúsnæði safna í samráði við bæjarstjórn og skólayfirvöld.
- Að vinna að framkvæmdaáætlun í safnamálum í samráði við bæjarstjórn.
- Að vinna drög að fjárhagsáætlunum safna í samvinnu við forstöðumenn.
- Að vera umsagnaraðili um ráðningu forstöðumanna safna bæjarins.
- Að taka þátt í mótun menningarstefnu bæjarins.”

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:20.

Guðmundur Andrésson, fundarritari (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),

Ægir Jóhannsson (sign.),

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),

Gunnar Gunnarsson (sign.),

Guðmundur Páll Ólafsson (sign.).